

GJALDSKRÁ

fyrir kattahald í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Af köttum í Ísafjarðarbæ skal Ísafjarðarbær innheimta gjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um kattahald í Ísafjarðarbæ nr. 907/2013, sbr. 9. gr. hennar.

2. gr.

Við umsókn um skráningu kattar skal innheimta gjald sem hér segir:

Fyrsta leyfisveiting	kr. 4.000
----------------------	-----------

3. gr.

Af leyfðum köttum skal innheimta árlega eftirlitsgjald sem hér segir:

Einn köttur	kr. 4.000
-------------	-----------

Ekki skal innheimta eftirlitsgjald sama ár og köttur er skráður.

Fyrir hverja handsömun skráðs kattar, sem er á flækingi og veldur ónæði skal eigandi hans greiða kr. 5.000 til að fá köttinn afhentan aftur.

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi kattar. Óskráða ketti má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

Ef eigandi gefur sig ekki fram innan sjö sólarhringa og greiðir handsömunargjaldið og annan áfallinn kostnað er heimilt að aflífa köttinn, sbr. 12. gr. í samþykkt um kattahald í Ísafjarðarbæ.

4. gr.

Innifalið í leyfisgjaldi er heilbrigðisskoðun dýralæknis, ormahreinsun og trygging auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

5. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 15. febrúar og eindagi 15. mars ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, samanber samþykkt um kattahald í Ísafjarðarbæ, nr. 907/2013 til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir kattahald í Ísafjarðarbæ nr. 303/2010.

Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 12. desember 2013.

Ísafirði, 20. desember 2013.

Daníel Jakobsson bæjarstjóri.